

Fundargerð 10. fundar stjórnar Reykjanes jarðvangs ses., haldinn 25. maí 2014, kl. 9:00 í Eldey, Ásbrú í Reykjanesbæ.

Mætt eru: Róbert Ragnarsson, Berglind Kristinsdóttir, Magnús Stefánsson, Guðjón Þ. Kristjánsson, Hjálmar Árnason, Valgerður Guðmundsdóttir, Eggert Sólberg Jónsson (verkefnastjóri), Þuríður Halldóra Aradóttir (Markaðsstofa Reykjaness) og Sverrir Guðmundsson (Keilir).

1. Stefnumótun fyrir Reykjanes jarðvang

Drög að stefnumótun fyrir Reykjanes jarðvang hafa verið til umfjöllunar hjá öllum aðilum að jarðvangnum undanfarnar vikur. Engar athugasemdir bárust. Stjórn samþykkir stefnumótunina og vísar henni til umfjöllunar á aðalfundi.

2. Staða framkvæmda

Verkefnastjóri sagði frá stöðu framkvæmda og merkinga á Reykjanesi. Verkefnastjóra falið að senda landeigendum á Reykjanesi formlegt erindi um lausagöngu dýra vegna athugasemda sem hafa borist. Verkefnastjóra falið að senda HS Orku formlegt erindi vegna salernisaðstöðu á Reykjanesi sumarið 2014. Í framhaldi af morgunverðarfundum um uppbyggingu ferðapjónustu á Reykjanesi er verkefnastjóra falið að halda áfram viðræðum við áhugasama aðila um uppbyggingu þjónustuhúss með það að markmiði að stofna fasteignafélag um rekstur slíks húss.

3. Dagskrá jarðvangsviku

Dagskrá jarðvangsviku lögð fram.

4. Utanvegaakstur á Reykjanesskaga

Verkefnastjóri sagði frá samráðsfundi um utanvegaakstur á Reykjanesskaga sem fram fór 15. maí sl. Stjórn Reykjanes jarðvangs fer fram á það við Umhverfisstofnun að komið verði á landvörslu á Reykjanesskaga eins og í öðrum landshlutum. Verkefnastjóra falið að fylgja málinu eftir.

5. Aðalfundur Reykjanes jarðvangs 2014

Samþykkt að boða til aðalfundar Reykjanes jarðvangs ses í ágúst. Verkefnastjóra falið að koma með tillögu að tímasetningu.

6. Fræðslutengdir möguleikar í Reykjanes jarðvangi - Styrkur frá Vaxtarsamningi Suðurnesja

Reykjanes jarðvangur er aðili að verkefni sem heitir „Fræðslutengdir möguleikar í Reykjanes jarðvangi“. Verkefnið fékk 700.000 kr. styrk frá Vaxtarsamningi Suðurnesja. Verkefninu er ætlað að stuðla að uppbyggingu samstarfs fræðsluaðila og kortlagningu menntatengdrar möguleika í ferðamennsku innan Reykjanes jarðvangs.

7. Umsókn Þekkingarseturs Suðurnesja um aðild að Reykjanes jarðvangi

Lögð fram umsókn Þekkingarseturs Suðurnesja um aðild að Reykjanes jarðvangi dagsett 25. apríl 2014. Stjórn Reykjanes jarðvangs samþykkir umsóknina og fagnar aðild.

8. Ársreikningur Reykjanes jarðvangs 2013

Stjórn gerir athugasemdir við uppsetningu ársreiknings. Vísað til næsta fundar.

9. Kynning á raunreinabúðum

Ólafur Jón Arnbjörnsson frá Geocamp Iceland mætti á fundinn og sagði frá hugmyndum um raunreinabúðir á Reykjanesskaga.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:45.
Fundargerð ritaði: ESJ

